Skipakomur og hafnartekjur 2026

448 milljóna krónu tekjutap hjá höfnum landsins

Árið 2026 heimsóttu skemmtiferðaskip 31 höfn og áfangastaði á landinu öllu í 1.038 skipakomum. Frá Kópaskeri í austri til Keflavíkur í vestri og Grímseyjar í norðri til Vestmannaeyja í suðri fluttu skipin 305.118 farþega um landið allt og skiluðu höfnunum 973.326 dagsferðalanga, sem með siglingu sinni höfðu kost á að upplifa áfangastaði utan alfaraleiðar eins og Djúpavík á Ströndum, Grímsey, Kópasker, Vopnafjörð, Hrísey, Borgarfjörð Eystri, Raufarhöfn og Drangey í Skagafirði.

3.887.738.453 krónur greiddu útgerðir skemmtiferðaskipa í hafnar- og sveitasjóði landsins á árinu. Upphæðir sem í mörgum tilvikum eru lunginn í tekjum hafnanna og gerir þeim kleift að halda úti mikilvægum innviðum og starfsemi til hagsbóta fyrir öll skip og báta sem reiða sig á hafnir og þjónustu allt árið um kring. Tekjur hafna vegna koma skemmtiferðaskipa á árinu 2026 eru 448.371.914 krónum lægri en tekjur hafnanna voru árið 2025. Tekjutap sem má rekja til afleiðinga af fyrirvaralausri álagningu of þungs innviðagjalds og óstöðugleika í rekstrarumhverfi hringsiglinga leiðangursskipa á árunum 2023 til 2025. Minnkunin á milli ári er 10% og það þrátt fyrir að í ár hafi áfangastaðurinn Ísland notið mikilla vinsælda skemmtiferðaskipa vegna almyrkvans 12. ágúst.

Samdráttur bæði í skipakomum og farþegatölum

Skipakomum fækkaði um 146 á árinu, sem er minni samdráttur en búast mætti við sökum eftirspurnaráhrifa af áðurnefndum sólmyrkva. Heildarfjöldi farþega skemmtiferðaskipa minnkaði jafnframt um 28.276 manns. Sá samdráttur ásamt fækkun í skipakomum almennt skilaði sér í heildarfækkun dagsferðalanga um 139.369. Dagsferðalangur er farþegi sem siglir með skipi til margra hafna og áfangastaða og er talinn við hverja hafnarkomu, þar sem hann verður þá væntanlegur viðskiptavinur á sérhverjum nýjum áfangastað. Það eru með öðrum orðum um 140 þúsund glötuð viðskiptatækifæri fyrir atvinnulíf um landið allt. Samkvæmt greiningu Teya á kortaveltu farþega skemmtiferðaskipa (https://www.teya.com/is/blog/skemmtiferdaskipin-i-teya-tolum) þá getur verið um mikilvæga innkomu að ræða fyrir minni bæjarfélög.

Fækkun í skipakomum kemur harðast niður á smærri hafnir

Þótt að samdráttur hafi orðið hjá flestum höfnum þá urðu smærri hafnir eins og á Borgarfirði Eystri, Húsavík, Djúpavogi og Siglufirði fyrir verulegu tekjutapi, í raun hruni, þar sem skipakomum fækkaði í sumum tilvikum um allt að 65% með tilsvarandi tekjutapi. Í Bolungarvík og Þórshöfn á Langanesi þá komu engin skemmtiferðaskip á árinu, bæði bæjarfélög sem hafa að öllu jöfnu fengið skipaheimsóknir.

Cruise Iceland

Heildaryfirlit yfir skipakomur, farþegatölur og hafnartekjur

	2026		
Hafnir	**Skipakomur**	**Farþegar**	**Tekjur hafna af skemmtiferðaskipum**
Akranes (Faxaflóahafnir)	3	286	3.780.888
Akureyri (Hafnarsamlag Norðurlands)	155	213.805	757.607.493
Arnarstapi	2	240	532.134
Bíldudalur	0	0	0
Bolungarvík	0	0	0
Borgarfjörður eystri (Múlaþing)	13	2.447	6.637.602
Djúpavík	8	1.247	1.827.665
Djúpivogur (Múlaþing)	36	27.075	56.214.418
Drangey	9	1.154	2.604.675
Eskifjörður (Fjarðabyggð)	3	1.298	7.445.176
Flatey Breiðafirði	0	0	0
Flateyri (Hafnir Ísafjarðarbæjar)	0	0	0
Grímsey (Hafnarsamlag Norðurlands)	26	4.248	8.005.678
Grundarfjörður	71	47.682	100.412.693
Hafnarfjörður	32	5.523	85.423.401
Hofsós	2	176	445.050
Hjalteyri (Hafnarsamlag Norðurlands)	0	0	0
Hólmavík	1	220	774.415
Hrísey (Hafnarsamlag Norðurlands)	11	1.465	2.479.746
Húsavík	25	8.469	40.914.000
Höfn Hornafjörður	1	40	554.000
Ísafjörður (Hafnir Ísafjarðarbæjar)	176	205.771	741.593.366
Kópasker	1	163	1.200.000
Keflavík	5	724	4.249.403
Neskaupsstaður	1	40	360.041
Patreksfjörður	10	4.133	8.015.009
Reykjavík (Faxaflóahafnir)	211	299.309	1.656.157.792
Raufarhöfn	1	28	800.000
Sauðárkrókur	7	1.094	11.612.524
Seyðisfjörður (Múlaþing)	87	101.161	222.986.018
Strandabyggð	0	0	0
Suðureyri (Hafnir Ísafjarðarbæjar)	0	0	0
Súðavík (Vigur)			7.632.870
Siglufjörður	11	4.900	9.783.805
Skagastrandarhöfn	0	0	0
Stykkishólmur	8	1292	3.686.279
Tálknafjörður	0	0	0
Vestmannaeyjar	84	33.316	141.998.279
Vigur (Súðavíkurhreppur)	31	4.725	
Vopnafjörður	3	935	651.473
Þingeyri (Hafnir Ísafjarðarbæjar)	4	360	1.352.560
Þórshöfn	0	0	0
Þistilfjörður (Langanesbyggð)	0	0	0
Þorlákshöfn	0	0	0
Samtals	**1038**	**973.326**	**3.887.738.453**
1) Heimildir: Viðeigandi hafnir og sveitarfélög			
Fjöldi hafna og áfangastaða með skipakomur á árinu	**31**		

Reykjavík 11.11.2026
Sigurður Jökull Ólafsson
Framkvæmdastjóri Cruise Iceland